

319. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 5. NÓVEMBER 2020 KL 8:30

haldinn í gegnum fjarfundabúnað, *Zoom*

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Úthlutanir úr kirkjumála- og kristnisjóði
 - b) Verklag við gerð fjárhagsáætlunar
 - c) Leigusamningur um lóð í landi Vogsósa
 - d) Kirkjan á aðventunni
 - e) Ársreikningar 2019 fyrir Jöfnunarsjóð og Kristnisjóð
- 3) Kirkjuþing
- 4) Kjaranefnd
- 5) Undirbúningur að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna
- 6) Önnur mál
 - a) Orgelnefnd þjóðkirkjunnar
 - b) Erindi Umhverfisstofnunar
 - c) Sálgæsla á netinu
 - d) Holt í Önundarfirði
 - e) Árnes á Ströndum

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 8:30, með ritningarlestri og bæn.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri biskupsstofu, Sigurbjörg N. Hansen, fjármálastjóri biskupsstofu og séra Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri, og séra Gísli Jónasson, formaður úthlutunarnefndar kirkjupings, sátu fundinn undir lið 2a. Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjupings sat fundinn undir lið 3. Undir lið 4 sátu eftirtaldir fulltrúar kjaranefndar: Guðrún Zoëga, formaður, Anna Mjöll Karlsdóttir, lögfræðingur og Einar Karl Haraldsson auk Ragnhildar Benediktsdóttur, lögfræðings og Ingunnar Ólafsdóttur, mannauðsstjóra Biskupsstofu, sem sitja fundi kjaranefndar. Þá sat undir lið 5 séra Hreinn S. Hákonarson, fulltrúi í kirkjustarfshóp.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Úthlutanir úr kirkjumála- og kristnisjóði

Lagðar voru fram tillögur fjármálhóps af úthlutunum vegna verkefna sem kristnisjóður, sbr. II. kafla laga um kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970, með síðari breytingum áður styrkti.

Kirkjuráð samþykkti tillögur að úthlutunum.

b) Verklag við gerð fjárhagsáætlunar

Þessum dagskrárlið var frestað.

c) Leigusamningur um lóð í landi Vogsósa

Fjallað var um málið á 316. fundi kirkjuráðs. Lagahópur hefur fjallað um málið og lagt fram tillögur sínar.

Kirkjuráð samþykkti tillögur lagahóps og fól framkvæmdastjóra að ljúka málinu í samræmi við hana.

d) Kirkjan á aðventunni

Lagt fram erindi samskiptastjóra um aukafjárveitingu, dags. 2. nóvember 2020, vegna stöðunnar í samfélaginu vegna heimsfaraldursins.

Kirkjuráð samþykkti erindið og lýsti ánægju sinni með verkefnin.

e) Ársreikningar 2019 fyrir Jöfnunarsjóð og Kristnisjóð

Lagðir var fram ársreikningar Jöfnunarsjóðs og Kristnisjóðs 2019.

Kirkjuráð samþykkti ársreikningana.

3. KIRKJUÞING

Rætt var um kirkjuþing sem fyrirhugað er 7. nóvember næstkomandi, fyrirkomulag og stöðu þingmála.

4. KJARANEFND

Fulltrúar kjaranefndar ásamt starfsmönnum nefndarinnar mættu á fund kirkjuráðs og fóru yfir áherslur við gerð kjarasamninga.

5. UNDIRBÚNINGUR AÐ STEFNUMÓTUN FYRIR ÞJÓÐKIRKJUNA

Lagðar voru fram fundargerðir kirkjustarfshóps, dags. 14, 21. og 27. október og 3. nóvember 2020. Séra Hreinn S. Hákonarson og séra Arna Grétarsdóttir kynntu hugmyndir kirkjustarfshóps sem tengjast málum 27 og 29 af kirkjuþingi 2020.

Áætlaður hefur verið kostnaður við vinnuna, sem er þegar í drögum að fjárhagsáætlun.

Kirkjuráð samþykkti tillögu kirkjustarfshópsins um að hefja undirbúning að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna og fá dr. Bjarna Snæbjörn Jónsson til þeirra starfa. Kirkjustarfshópi var falið að fylgja málinu eftir og kalla sér til ráðuneytis allsherjarnefnd kirkjuþings. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs mun kalla til fyrsta fundar kirkjustarfshóps og dr. Bjarna Snæbjarnar.

Stefán Magnússon, sat hjá við afgreiðslu málsins.

6. ÖNNUR MÁL

a) Orgelnefnd þjóðkirkjunnar

Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirtalda aðila í Orgelnefnd:

Aðalmenn

Guðmundur Sigurðsson, organisti Hafnarfjarðarkirkju, formaður, fulltrúi söngmálastjóra

Eyþór Ingi Jónsson, organisti Akureyrarkirkju, fulltrúi Félags íslenskra orgelleikara

Lára Bryndís Eggertsdóttir, organisti Hjallakirkju, fulltrúi biskups Íslands

Varamenn

Tuuli Rähni, organisti Ísafjarðarkirkju, fulltrúi söngmálastjóra

Lenka Mateova, organisti Kópavogskirkju, fulltrúi Félags íslenskra orgelleikara

Kári Þormar, organisti Dómkirkjunnar í Reykjavík, fulltrúi biskups Íslands

b) Erindi Umhverfisstofnunar

Lagt var fram erindi Umhverfisstofnunar, dags. 15. október 2020. Óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í samstarfshóp um fyrirhugaða friðlýsingu Borgarvogs í Borgarbyggð.

Erindið hefur verið borið undir ábúandann á Borg sem hefur áhuga á að taka sæti í samstarfshópnum.

□ Kirkjuráð samþykkti að skipa séra Þorbjörn Hlyn Árnason í samstarfshópinn fyrir hönd Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu.

c) Sálgæsla á netinu

Séra Axel Árnason, kirkjuráðsmaður og Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs kynntu kynntu yfirferð sína á hugbúnaði fyrir sálgæsluviðtöl á netinu. Málið verður unnið áfram.

d) Holt í Önundarfirði

Framkvæmdastjóri kynnti tilboð í hús í landi Holts í Önundarfirði, sem áður hýsti flugstöðina við flugvöllinn í Holti, sem hefur verið auglýst til sölu.

□ Kirkjuráð samþykkti að gera gagntilboð, sem framkvæmdastjóra var falið að koma á framfæri við tilboðsgjafa.

e) Árnes á Ströndum

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu húss á kirkjujörðinni Árnesi á Ströndum.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna að hnitsetningu og afmörkun lands og setja jörðina í framhaldinu í sölufarli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 3. desember nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir